





Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Vinagerði

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Gleði, Hvatning, Nærgætni	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021.....	6
2.1 Innra mat.....	6
2.2 Ytra mat	7
2.3 Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022	8
3 Innra mat deildar	9
3.1 Innra mat Drekagerðis.....	9
3.2 Innra mat Álfagerðis	12
3.3 Innra mat Tröllagerðis	14
4 Innra mat sérkennslu	17
4.1 Mat á sérkennslu 2020-2021	17
4.2 Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022	17
5 Innra mat – fjöltyngd börn.....	18
5.1 Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021.....	18
5.2 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022	18
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	19
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	20
8 Foreldrasamvinna	20
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	21
10 Fylgigögn	21
10.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	22
10.2 Fylgiskjal 2 - Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021	23
10.3 Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs	25



Leiðarljós leikskólans: Gleði, Hvatning, Nærgætni

Gleði – gerum hvern dag að degi gleðinnar

Hvatning – hrós, viðurkenning og traust

Nærgætni – umhyggja, virðing og samkennd

1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið byrjaði vel og aðlögun barna gekk vel á öllum deildum og öll börn voru komin inn í byrjun september. Við notum þátttökuaðlögun sem hentar okkur og starfsmannahópurinn er vel þjálfður í þeirri aðferð. Þetta krafðist góðs og faglegs skipulags og sóttvarnir og grímunotkun foreldra einkenndi aðlögun haustsins. Eins fóru engar deildarkynningar fram en foreldrum var sendur tölvupóstur með áherslum hvernar deildar og hagnýtum upplýsingum.

Eins og áður voru starfsmannabreytingar hjá okkur en þó minna en áður. Við misstum aðallega fólk sem var að fara í nám og svo var nokkuð um langtímaveikindi. Það er ekki auðvelt að fá fagfólk til starfa en við vorum heppin með þá sem byrjuðu og þeir hafa reynst okkur vel og samlagast hópnum sem fyrir var. Það er virkilega áhugasamur og samstilltur hópur sem starfar í Vinagerði og kom starfsmannakönnunin vel út. Sérkennslustjórinn sem ráðin var í afleysingar hætti fyrr en áætlað var og þurftum við að bíða eftir þeim sem var í fæðingarorlofi í nokkurn tíma.

Við erum eins og aðrir að innleiða nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar og aðaláherslur í ár voru að efla félagsfærni og sjálfsefningu barna í Vinagerði ásamt öðrum þáttum. Fyrsta verkefnið átti að vera að fá námskeið um forvarnarverkefni Barnaheilla um vináttu fyrir alla í skólanum. Af því gat ekki orðið vegna ástandsins og var því frestað reglulega í allan vetur. Það er á áætlun að byrja haustið á því. Einhverjir fóru á eigin vegum og nokkrir voru með námskeiðið fyrir. Unnið hefur verið með Blæ í allan vetur á tveimur deildum leikskólans en minna á þeirri yngstu.

Við höfum unnið með Lubba á öllum deildum í vetur og er mikil ánægja með það. Aðstoðarskólastjórinn hún Dista gerði sér lítið fyrir og þrjónaði lopapeysur á alla Lubba hundana bæði stóra og smáa svo nú líta þeir alveg eins út og í bókinni.

Við vorum svo heppin að fá aftur samstarf við Myndlistaskólann með elstu börnin en þurftum að fresta sumum tímum í haust vegna veirunnar en eftir áramót kláruðum við þá. Eitt skiptið lenti á skipulagsdegi hjá okkur og voru foreldrar spenntir að fara með börnunum í það skiptið og kynna Myndlistaskólanum. Við leggjum mikið upp úr sköpun og að börnin hafi greiðan aðgang að efniviði. Það var eftir því tekið í Myndlistaskólanum hvað þau eru vön alls konar efniviði og eru frjó í skapandi verkefnum.



Samstarfið við Víking Íþróttafélag hélt áfram eins og hægt var en auðvitað minna en áður. Við leggjum mikið upp úr hreyfingu bæði úti og inni en auðvitað er alltaf gaman að fara úr húsi á nýja staði.

Samstarf við Grasagarðinn hefur gengið vel og eins eru börnin að gróðursetja og hugsa um plöntur í garðinum okkar.

Í ár var mjög gott samstarf við Miðstöð útivistar og útináms (MÚÚ) í Gufunesbæ. Börnin á elstu deild og eldri árgangur frá miðju deildinni, nýttu útisvæðið mjög vel í vetur og í vor.

Við unnum áfram með Leikur að læra sem gengur út á kennslu sem fer fram í gegn um leik og hreyfingu á skipulagðan, líflegan og árangursríkan hátt. Það var ekkert námskeið í þetta sinn og Kristín kom ekki með nýliðafræðslu eins og undanfarin ár. Eins og áður eru nokkur börn í útskriftarhóp orðin læs og kom Hljóm - 2 vel út hjá flestum. Þau börn sem skoruðu lágt að hausti tóku miklum framförum fram á vor. Við notum Leikur að læra bæði inni og í útinámi.

Við náðum að fá nokkra gesti í hús með ýmis konar fræðslu en gestir sem við áttum von á t.d. stór hópur frá Frakklandi varð að hætta við vegna ástandsins í heiminum. Námsferð sem við ætluðum að fara í apríl erlendis var frestað til næsta árs. Erasmus styrkur sem við erum með samþykktan býður líka betri tíma. Áætlað er að fara í báðar ferðirnar vorið 2022.

Foreldrar hafa lítið sem ekkert tekið þátt í starfinu nema óbeint út af veirunni. Við höldum samt flotta útskrift í lok maí fyrir elstu börn með foreldrum. Eins náðum við að halda Sumarhátíð í garðinum þar sem foreldrar mættu og foreldafélagið bauð upp á hoppukastala, blaðrarann, ísbílinn og fleira skemmtilegt. Gleðin var slík að það var eins og allir hefðu unnið stóra vinninginn í lottóinu.

Óvæntar framkvæmdir voru hjá okkur í október til nóvember þar sem mikill raki var í útvegg á efri hæð. Við þurftum að finna húsnaði með engum fyrirvara fyrir 14 börn og kennara. Við fengum skátaheimilið hjá Garðbúum á leigu og krafðist þetta mikils skipulags og vinnu. Þetta gekk samt allt vel og börnum og starfsfólki líkaði vel að breyta til. Samstarf við foreldra gekk líka mjög vel í þessu verkefni.

Veturinn í vetur hefur auðvitað litast af heimsfaraldrinum en við í Vinagerði erum lítil eining og höfum rekið skólann að mestu á undanþágum vegna aðstöðu og fjölda. Veturinn hefur í heildina gengið vel og börn og starfsfólk blómstra í sínu starfi. Ég er virkilega stolt af starfseminni í Vinagerði og vil hrósa öllu því flotta fólki sem starfar hér og hefur komið að skipulagningu og frábæru starfi á þessum skrítnu tímum.

Þúsund þakkir fyrir gott samstarf

Harpa Ingvadóttir

Leikskólastjóri



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

2.1 Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Starfið og börnin	Deildarfundir	Deildarstarfsmenn	Starfið er flott á öllum deildum og börnin blómstra í leikskólanum. Mikið er um faglega vinnu og aðbúnaður með besta móti. Helst má nefna að starfsfólk tekur mjög mismikla ábyrgð og verður áhersla lögð á það næsta vetur að virkja allt starfsfólk
Starfið og samvinna milli deilda og innan skólans	Starfsmannafundir	Allir starfsmenn	Allir sammála um að starfið sé flott en samvinna mætti oft vera meiri og betri. Bæði innan deilda og á milli deilda. Heildin er samt góð og góður andi í húsinu
Starfið í heild	Endurmat vetrarins á starfsdegi þar sem farið var yfir alla þætti og hvað má betur fara í því sem við erum að leggja áherslu á	Allt starfsfólk leikskólans. Fyrst innan hverrar deildar og svo á sameiginlegum fundi	Allir sammála um að starfið sé gott og faglegt í Vinagerði. Allir þurfa að taka sig á í umgengni og samvinna mætti vera betri. Fólk ósátt við að sömu draga alltaf vagninn og aðrir halda sig til hlés
Mat barna	Viðtöl voru tekin við börnin um hvað þeim finnst skemmtilegast í leikskólanum og hvað þeim finnst ekki eins skemmtilegt	Elstu börn	Börnin fengu að tjá sig um starfið og finnst öllum gott að vera í Vinagerði. Þau komu með ýmsar hugmyndir sem reynt var að framkvæma. Eins fengu þau að koma með óskir um hvaða efnivið og leikefni þau vildu hafa í leikskólanum. Ekki var hægt að verða við öllum þeim óskum og eins fannst starfsfólki ekki allt passa inn í okkar starf eins og t.d. Pokemon

2.2 Ytra mat

Skóla og frístundasvið framkvæmdi viðhorfskönnun meðal starfsmanna sem skilað var í lok apríl. Tilgangur könnunarinnar var að fá fram viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttanna. Þessar niðurstöður nýtast til að bæta mannauðsmál í leikskólanum. Könnunin var rafræn í formi spurningarlista. Könnunin kom vel út og er leikskólinn yfir meðalskori á flestum sviðum. Helstu niðurstöður eru hér fyrir neðan en hæsta gildi er 5.

Meðaltal allra þátta 4,21 ^{4,19} Könnun 2020	Hæfir og áhugasamir starfsmenn 4,22 ^{4,21} Könnun 2020	Árangursríkir stjórnunarhættir 4,20 ^{4,35} Könnun 2020	Starfsánægja 4,47 ^{4,23} Könnun 2020	Hvetjandi og jákvætt starfsumhv... 4,18 ^{4,11} Könnun 2020
--	--	--	--	--

Skóla og frístundasvið framkvæmdi einnig viðhorfskönnun meðal foreldra sem skilað var um miðjan maí. Tilgangur var að fá fram viðhorf foreldra til leikskólans, daglegs starfs, skipulags, samskipta og upplýsingaflæðis. Foreldrar eru nær allir ánægðir og upplifa vellíðan barns, hlýjar móttökur og gott starf með börnunum. Eðlilega tjáðu sig nokkrir um minni samskipti og foreldrum yngstu barnanna fannst erfitt að fá ekki að koma inn í hús vegna Covid-19. Niðurstöður sýna að við erum á flestum stöðum fyrir ofan meðalskor. Helstu niðurstöður eru hér fyrir neðan en hæsta gildi er 5.

Barninu líður vel í leikskólanum 4,56 ^{4,62} heild	Tel barnið mitt vera öruggt 4,78 ^{4,63} heild	Vingjarnlegt andrúmsloft 4,72 ^{4,61} heild	Skólanum er vel stjórnað 4,53 ^{4,44} heild
--	---	--	--

2.3 Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
	Nýta mannauðinn sem best og nýta styrkleika hvers og eins	Vera duglegri að deila ábyrgð á starfsfólki	Leikskólastjórar og deildarstjórar	Haust 2021		Metið hvernig gengur á skipulagsdögum og starfsmannafundum	Fólk nýtur sín betur í starfi og finnur til ábyrgðar. Betri samvinna og betri andi
Námsskrá	Ný námsskrá	Gera nýja námsskrá	Leikskólastjóri aðstoðarstjóri	Haust 2021	Vor 2022	Gera námsskrá sem gagnast í starfinu	Betra starf og auðveldara fyrir alla að tileinka sér áherslur leikskólans
Uppeldis- og menntastarf							
	Gera hugmyndafræði Reggio Emilia sýnilegri í starfinu	Með áframhaldandi fræðslu og stuðningi	Leikskólastjórar deildarstjórar	Haust 2021		Fræðsla og námskeið. Námsferð fyrir alla og Erasmus ferð til Bologna og Reggio Emilia	Hugmyndafræðin sem við lítum til verður sýnilegri og allt starfsfólk veit út á hvað hún gengur. Börnin fá meiri gæði í námi sínu frá öllum
Mannauður/ Leikskólabragur							
	Fá fólk til að taka meiri ábyrgð og nýta hæfni sína	Með frekari fræðslu og að dreifa ábyrgð	Leikskólastjórar deildarstjórar	Haust 2021	Vor 2022	Viðtöl, námskeið, fræðsla	Meiri ánægja meðal starfsfólks og betra starf. Hópurinn verður meiri heild og vinnur betur saman



3 Innra mat deildar

3.1 Innra mat Drekagerðis

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leikur að læra (LAL)	Að stefna að því að styrkja starfsfólk í framkvæmd og utanumhald LAL stundanna	Það gerum við best með því að starfsfólk fái reglulegan undirbúning til að undirbúa LAL stundina og vera tilbúin með kennsluefni fyrir það	Deildarstjórinn, rýnihópar sem bera ábyrgð og starfsfólk sem hefur mestan áhuga framkvæmir	Strax eftir að börnin eru búin að aðlagast á deildinni	Vor 2022	Deildarfundir/endurmatsfundir, Hreyfiproskapróf í haust og í vor, HLJÓM-2.	Að allt starfsfólk og börn fá betur notið sín í LAL tíma.
Fjölmennning	Að kynna betur löndin sem börnin eru frá með fjölmenningadög um	Að vera með þemaviku um landið sem verður kynnt og foreldrar taka þátt í því	Deildarstjórinn, starfsfólk sem hefur mestan áhuga framkvæmir	Strax eftir að börnin eruð búin að aðlagast á deildinni	Vor 2022	Deildarstjórnin, allt starfsfólk á deildinni.	Að fjöltýngd börn fái meira sjálfstrau st í samskipt um við jafnaldra og fullorðna
Útikennsla	Að gefa börnunum tækifæri til að og njóta, upplifa og rannsaka allt sem er utanhúss og í náttúrunni. Tækifæri til að nota öll skilningarvit sín og fá persónulega og beina reynslu af raunveruleikanu m.	LAL úti, Vinátta í útivist – útinám og leikur (Vináttuverkefni), Útinámsverkefni fyrir leikskólabörn	Deildarstjórinn, starfsfólk sem hefur mestan áhuga framkvæmir.	Strax eftir að börnin eru búin að aðlagast á deildinni.	Vor 2022	Deildarfundir/endurmatsfundir.	Að allt starfsfólk og börn fái betur notið sín í náttúrunni.



Drekagerði veturinn 2020-2021

Leikur að læra

Leikur að læra gekk vel og það voru reglulegar LAL stundir einu sinni í viku með Skólahópnum og Mánahópnum og féll sjaldan niður. Framkvæmd LAL stundanna gekk vel. Það voru alltaf tveir kennarar með hópana og þeim var skipt í tvennt og einn hluti hópsins vinnur verkefnið í einu hverju sinni.

Það er bæði merkjanlegur og sjáanlegur árangur af því að vera með LAL stundir: Börnin njóta þeirra vel og finnast þær skemmtilegar.

Það sýnir sig í áhuga barnanna á stöfum og lesmáli alls staðar í daglegu umhverfi þeirra og viðfangsefnum. Það koma m.a. fram stafir (litlir og stórir) og skrift í teikningunum þeirra, leirvinnu og þau taka eftir stöfum og tölustöfum alls staðar þar sem þeir sjást í umhverfinu innanhúss sem utan.

Einnig sjáum við að LAL er sjálfsefandi, styrkir jafnvægi og grófhreyfingar barnanna almennt.

Í vor voru LAL stundirnar fluttar yfir í Grundagerðisgarðinn og var útinámi komið fyrir í því.

Drekagerði vill halda áfram með LAL einu sinni í viku, rökin fyrir því eru að það er búið að leggja góðan grunn og ná góðum árangri með það sem hefur verið lagt fyrir.

Eftir stendur að stefna að því að styrkja starfsfólk í framkvæmd og ut anumhaldi LAL stundanna, það gerum við best með því að starfsfólk fær reglulegan undirbúning til að undirbúa LAL stundina og er tilbúið með kennsluefni fyrir þær.

Fjölmennning

Við á Drekagerði notum 10 mín. regluna en við skráum ekki samskiptin. Hópnum er skipt í tvennt og eru yfirleitt tveir með sinn hvorn hópinn. Allir leggja sig fram um að vera vakandi um regluna.

Fjölmennning er sýnileg á deildinni, þar var sett upp fjölmennningar svæði við inngang deildarinnar nú í haust með hnattlíkani, fánum frá þeim löndum sem tengjast fjölskyldugerð barnanna, skrifað velkomin á mismunandi tungumálum, myndir af þjóðbúningum landa o.fl. Við erum að nota myndbönd með ólíku fólki í æfinga- og slökunartíma á morgnana. Það er oft talað um menningu og hefðir í löndunum sem börn og starfsfólk eru frá og oft hefur verið notað Google Earth til að skoða hver á heima hvar út um allan heim.

Við viljum halda áfram að gera okkar besta með 10 mín regluna. Við leggjum okkur fram um að efla og styðja þau börn sem eru með annað tungumál en íslensku og gefa þeim sjálfstraust í samskiptum við



alla. Það hefur náðst viðunandi árangur með þau börn og mælanlegur, sjáanlegur, og heyranlegur munur nú að vori og frá því í haust.

Sjálfsfelling

Börnum er mætt eftir getu í hvert sinn og við hverja athöfn. Þau sem eru fær eru hvatning fyrir hópinn (án þess að það sé orðað).

Alla daga er unnið á deildinni að „sjálfsfellingu“ hvers og eins barns og því mætt þar sem það er statt og er sú vinna viðhöfð, og samofin öllu starfi leikskólans. Einnig er unnið með að efla hópinn sem heild og hvernig hann birtist í samskiptum inni á leikskólanum, í ferðum og við hátíðir og aðra viðburði. Í samverustund eru notuð Vináttaverkefni sem er gott kennsluefni fyrir samskipti barna.

Leikur að Læra þar er unnið með sjálfsfellingu þau þurfa að koma fram fyrir hópinn og vinna verkefni og sýna á góðan hátt þegar þau gera vel.

Þau koma fram fyrir hópinn í samverustund segja frá og/eða syngja. Foreldrar eru hvattir til að senda ljósmyndaskráningar ef eitthvað skemmtilegt hefur gerst heima og börnin voru mjög stolt að sýna það yfir hópinn, eins og t.d. skoðunarferðir að eldgosinu, útilegu eða þegar fæddist lítið systkini.

Öllum verkefnum er fylgt þannig vel eftir frá upphafi til enda með þeim hætti að barnið /börnin séu glöð með sitt framlag. Einnig er vakin athygli á því þegar barn gerir vel og að samgleðjast og hrósa (allir með). Það er gengið fallega frá verkum þeirra og þeim sýnd alúð, hengt upp og teknar ljósmyndir og hengdar upp.

Það er mikið tekið af ljósmyndum og börnin venjast við það og þegar þau vita að þau eru að gera eitthvað flott að þeirra mati, koma þau sjálf og biðja um að tekin sé mynd af verkefni þeirra.

Við veljum að það að mæta þeim á jákvæðan og uppbyggjandi hátt þegar þau lenda í átökum og erfiðleikum í dagsins önn og finna góðar og ásættanlegar lausnir með þeim eins og t.d. að kalla öll börn á „neyðarfund“ og ræða það sem hefur verið gert.

Allar vettvangsferðir eru sjálfsfelandi bæði fyrir hópinn og einstaklinginn.

Myndlistarskólinn er sjálfsfelandi bæði fyrir einstaklinginn og fyrir hópinn.

Íþróttaskólinn hjá Víking er sjálfsfelandi og einnig fyrir hópinn.

Það mætti nefna fleiri þætti sem eru sjálfsfelandi, þar sem sú vinna á sér stað hverja mínútu leikskóladagsins og er þannig samofin öllu starfi.



Því leggjum við áherslu á það að vera opin, glöð og góð hvort við annað bæði börn og fullorðnir. Það er sjálfsefandi fyrir einstaklinga og hópa.

3.2 Innra mat Álfagerðis

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leikur að læra (LAL)	Kenna fleiri starfsmönnum að taka LAL tíma, Fá að taka LAL tíma í stærra rými öðru hvoru Reglulegri foreldra/morgun verkefni sem tengjast námsefni vikunnar	Að deildarstjóri taki hvern starfsmann með sér í LAL stund. Að gera margar LAL skráningar Tengja morgunverkefni við verkefni vikunnar	Deildarstjóri	September	Maí Pása tekin í Desember	Metið með deildarfundum og EFI-2 prófi, Þeir sem koma illa úr EFI-2 fara aftur í það seinna á skólaárinu. Fylgja eftir námskrá LAL.	Okkur tekst með þessu að vekja mikinn áhuga barnanna á stöfum og orðum. Börn taka framförum í málinu.
Sjálfsefning	Taka efni fyrir 3-6 úr Vináttuverkefninu þegar við erum búin með 0-3 ára efnið	Hafa ábyrgðaraðila fyrir verkefnið	Deildarstjóri	Er stöðugt í gangi yfir skólaárið	Allt skólaárið.	Vináttuverkefni Barnaheilla, kennum börnum hvernig á að leysa úr ágreiningi	Börnin verða sjálfstæðari og þekkja allar tilfinningar, hegðun batnar til muna
Fjölmennning Gefðu 10	Halda áfram að nota Gefðu 10 og lesa meira í litlum hópum	Hafa fjölmennningardag. Kynna heimalandið þeirra meira	Deildin	Allt skólaárið		Viðtöl við foreldra og börn. Fylgst með leik barna og þáttöku.	Börnin njóta sín betur í hópnum



Álfagerði veturinn 2020-2021

Leikur að Læra

Í vetur voru reglulegir LAL tímar, við vorum ýmist 2 kennarar með 6-8 barna hóp eða 1 kennari með 3-4 börn. Við byrjuðum á fyrsta staf í nafni okkar og færðum það síðan í staf foreldra og seinna tengdum við stafina við dýr og aðra hluti. Börnin voru mjög áhugasöm um stafina og sést það mjög í daglegu tali, teikningum og hafa foreldrar minnst á hversu mikið þau tala um stafina.

Í stærðfræðistundum voru stærðfræðitáknin kynnt fyrir börnunum, æft að telja, einföld samlagning og tölur.

Börnin höfðu mjög gaman af LAL og voru spennt að byrja tímana. Við settum áherslu á að hafa mikla og fjölbreytta hreyfingu í LAL stundunum.

Það sem betur mætti fara er að hafa fleiri foreldra/morgunverkefni og tengja það við námsefni vikunnar og síðan kenna öllu starfsfólki að taka þátt í LAL stund.

Fjölmennning

Á Álfagerði notum við gefðu 10 regluna og skráum niður þegar við erum búin að gefa hverju barni 10 mínútur, þannig þösum við að ekkert barn gleymist eða fái færri stundir. Síðan þegar að merkt hefur verið við öll börnin stökum við út og byrjum aftur. Í gefðu 10 stundum erum við annað hvort með barninu í leik og setjum orð á athafnir og hjálpum barninu að vera í flóknara hlutverki innan leiksins. Síðan lesum við líka bækur fyrir barnið, förum í málörvunarverkefni eða spil.

Tvítýngdu börnin tóku sjáanlegt stökk í málþroska og fengu stærra hlutverk innan leiksins (hættu að vera alltaf litla barnið eða gæludýrið og fóru að verða systkini eða mamma/pabbi).

Við lærðum meistari Jakob á öllum tungumálum deildarinnar.

Sjálfsfelling

Reynt er að mæta börnunum eftir þeirra getu við hverja athöfn. Börnin eru öll hvött til þess að reyna sjálf áður en þau fá aðstoð og fá hrós þegar þeim tekst það.

Í Vináttuverkefninu er unnið með tilfinningagreind, hvernig eigi að leysa ágreining og í vináttuverkefninu eru líka klípusögur af öðrum börnum í alls kyns vanda. Þær geta verið um að einhver sé að stríða öðrum, einhver hafi slasast og svo eru umræðuspjöld um hvernig þau gætu brugðist við þeim aðstæðum.



Þegar börnin eru barn vikunnar mega þau koma með dót 1 sinni yfir vikuna og fá að standa fyrir framan hópinn og segja þeim frá dótinu sem þau komu með. Á föstudögum taka þau svo Lúlla bangsa með sér heim og sýna okkur svo myndir af ævintýrum helgarinnar á mánudeginum.

Lubbi finnur málbein

Lubbastundir voru einu sinni í viku, þá eru 2-3 börn tekin afsíðis og 1-2 opnur úr Lubba bókinni lesnar fyrir börnin með mikilli áherslu á réttan framburð.

3.3 Innra mat Tröllagerðis

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leikur að læra (LAL)	Fara í leikur að læra einu sinni í viku. Að allir starfsmenn séu öruggir að fara með börnunum í leikur að læra. Blanda saman lærdómi og leik.	Þjálfar starfsmenn á deildinni og hjálpa þeim að taka sín fyrstu skref í leikur að læra. Kenna börnunum stafinn sinn og litina. Kennum börnunum einnig að skiptast á, þolinmæði og grófhreyfingar.	Öll deildin. Deildarstjóri hefur yfirsýn yfir verkefnum.	Hefst þegar aðlögun lýkur. Um miðjan september, október og nóvember. Á vorönn stefnum við á febrúar, mars, apríl og jafnvel fram í maí.	Vor 2022	Sjáum hvað börnin hafa verið að læra í daglegu starfi. Fylgjumst með leik barnanna. Öll verkefni skráð í ferilmöppur.	Að börnin þekki bókstafinn sinn og litina. Að börnin læri að þekkja tilfinningarnar sínar.
Sjálfsfelling	Að börnin æfi sig að klæða sig sjálf, tjá skoðanir sínar og vera almennt sjálfstæðari. Að innleiða Vináttaverkefni	Lærum um tilfinningar okkar, lesum Bínu og tölum um hvað Bína er að læra.	Öll deildin.	Strax eftir að börnin eru búin að aðlagast á deildinni.	Öll önnin fer í þetta.	Ræðum á deildarfundum hvað getur farið betur og hvað má leggja meiri áherslu á.	Að börnin æfist í að klæða sig sjálf. Að börnunum líði vel. Að börnin treysti sér í að segja okkur hvernig þeim líður



		Gefum þeim meiri tíma í fataklefanum til að gera sjálf. Tölum saman í samverustund um hvað má og hvað má ekki.					og ef að eitthvað kemur uppá.
Lubbi finnur málbein:	Að börnin læri stafinn sinn og staf annarra barna og hljóðið sem stafurinn myndar. Einnig hefur verið lögð áhersla á að börnin læri fleiri orð sem byrja á þeim staf.	Leikum með stafina í daglegu starfi. Erum með stafrófið inná deild þar sem börnin sjá. Lesum sögurnar og hlustum á lögin úr Lubbi finnur málbein.	Öll deildin.	Hefst fljótlega eftir aðlögun. Lubbi og barn vikunnar haldast í hendur og er kennt á sama tíma.	Lýkur í maí/byrjun júní.	Tökum stafina fyrir í samverustundum. Leggjum meiri áherslu á stafina og hljóðin sem þau virðast eiga erfiðara með að ná.	Að börnin þekki stafinn sinn og hljóðið sem stafurinn myndar.
Fjölmennig	Að börnin læri um önnur lönd og að ekki sé bara til eitt land. Skoða fána frá öðrum löndum. Að kynna börnin fyrir öðrum löndum.	Skoðum jörðina. Gera skráningarblað fyrir Gefum 10	Öll deildin. Deildarstjóri hefur yfirsýn og ber ábyrgð á að passa uppá aðtvítyngdu börnin gleymist ekki í hópnum.	Hefst fljótlega eftir aðlögun.	Allt skólaárið.	Förum yfir hvað má betur fara deildarfundi.	Að börnin læri að tjá sig á íslensku.



Tröllagerði veturinn 2020-2021

Leikur að læra

Leikur að læra hefur gengið mjög vel. Markmiðið er að byrja þegar börnin eru orðin aðlöguð og vera fram í maí þegar sól tekur að hækka. Við höfum skipt börnunum í eldri og yngri hóp sem hefur staðist. Planið hefur verið að fara í leikur að læra einu sinni í viku. Eldri börnin hafa verið að fara á mánudögum og yngri börnin annað hvort sama dag í kjölfarið eða þá á miðvikudegi. Þrátt fyrir veikindi starfsmanna og annað sem getur komið uppá erum við mjög ánægðar með að leikur að læra hefur mjög sjaldan dottið út af vikuplaninu. Einnig höfum við verið duglegar að skrásetja leikur að læra með bæði myndum og texta sem að við færum svo í ferilmöppurnar þeirra.

Sjálfsöfling

Við höfum verið að fara eftir aldri barnsins og meta út frá því hvað við leggjum áherslu á. Hjá eldri börnunum er mikil áhersla lögð á að þau æfi sig í að klæða sig sjálf. Í samverustund leggjum við áherslu á að öll börnin sitji kyrr í sætinu sínu, taki virkan þátt, grípi ekki frammí og fari eftir Bínureglunum um að bíða, hlusta, sitja. Í samverustund fá þau oft að velja sér óskalag og taka oft virkan þátt í að skipuleggja samverustundina. Við leggjum áherslu á að þau fái að tjá sig í samverustund um hvað þau vilja syngja. Á mánudögum ræðum við við börnin og þau fá að segja okkur hvað þau gerðu um helgina. Á föstudögum fær eitt barn að taka Lúlla bangsa með sér heim og á mánudögum fær barnið að segja okkur frá því hvað var gert um helgina ásamt því að sýna okkur myndir frá ævintýrum lúlla bangsa og barnsins. Við leggjum mikla áherslu á að barn vikunnar fái að aðstoða okkur við hin ýmsu daglegu störf sem eflir sjálfsöryggi barnsins. Barn vikunnar fær að hjálpa okkur að leggja á borð ásamt því að standa fyrir framan hópinn í samverustund og segja okkur hvað er í matinn. Í sumar ætlum við að vera duglegri að fara í langa göngutúra og æfa börnin í að labba saman í einum hóp.

Lubbi finnur málbein

Á yngstu deildinni höfum við verið að blanda saman barni vikunnar og Lubbi finnur málbein. Barn vikunnar fær að taka bókstafinn sem það á og líma stafinn sinn á gólfíð svo að það sjálft og önnur börn geti séð stafinn sinn í daglegu starfi. Við höfum verið dugleg að fara yfir hvaða orð og önnur nöfn byrja á þeim staf. Einnig höfum við lesið sögurnar úr Lubbi finnur málbein og verið dugleg að hlusta á geisladiskinn.

Fjölmennning

Við höfum verið að skoða jörðina en mættum vera duglegri að kynna löndin sem börnin eru frá og leggja meiri áherslu á að gefa tvítyngdu börnunum 10 mínútur og öllum börnum.



4 Innra mat sérkennslu

4.1 Mat á sérkennslu 2020-2021

Sérkennslan gekk vel á árinu en eitt barn er í 1. flokki og tvö í 2. flokki. Samvinna við Þjónustumiðstöð gekk vel og eins við Greiningarstöð, SFS og aðra aðila.

Það væri hægt að bæta samvinnu milli sérkennslu og deilda og auka gagnsæi og upplýsingaflæði í samskiptum svo allir séu með á nótunum hvað er í gangi, bæði á deild og í sérkennslu. Sérkennarar skólaárið 2020-2021 hafa reynt að setja sig inn í deildarstarfið eftir bestu getu, sýnt því áhuga og hafa viljað hjálpa til. Það nýttist í sérkennslustarfinu þar sem hin börnin á deildinni treysta þá sérkennurum og leita til þeirra, sem gerir sérkennurum kleift að koma börnum í sérkennslu inn í hópinn. Það er mikilvægt að hafa gott upplýsingaflæði og að allir sýni áhuga, svo bæði börnum og starfsfólki ólíkra deilda líði vel. Sérkennslustjóri var í afleysingum og minnkaði stöðugt viðveru sína og fannst starfsfólki að gott væri að hafa sérkennslustjóra meira í húsinu og meira innan um börnin, aðallega þau börn sem þurfa á sérkennslu að halda. Þegar nýr sérkennslustjóri kemur væri gott að fá hana inn í sérkennslustundir (vinnustundir) og að fylgjast aðeins með inn á deild.

Að lokum væri gott að sérkennslan fengi fund saman í smá stund í viku til að ræða saman, því það er ýmislegt sem er gott að ræða og læra af hvort öðru. Það er mikilvægt að starfsmenn í sérkennslu stilli sig saman og undirbúi sig annað slagið saman. Þá myndast betri liðsheild og góðar hugmyndir skjóta upp kollinum. Áður en fulltrúi frá Greiningarstöð kemur er gott fyrir sérkennara að hitta sérkennslustjóra og ræða málin til að vera samtaka á þeim fundum.

4.2 Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Upplýsingastreymi innan sérkennslu	Sérkennslufundur aðra hvora viku	Deildin tekur við börnunum	Sérkennslustjóri	Hafið		Fylgjast með hvort fundir haldist	Meiri gæði í sérkennslu
Samvinna milli sérkennslu og deilda	Opin samskipti og samvinna	Auka gagnsæi og upplýsingaflæði í samskiptum og allir viti hvað verið er að vinna með	Sérkennslustjóri	Haut 2021		Á sameiginlegum deildarfundum	Meiri ánægja og betri samvinna

5 Innra mat – fjöltyngd börn

5.1 Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Á liðnu skólaári voru 16 tvítyngd börn í skólanum. Unnið er á öllum deildum með Gefðu 10. Myndrænt skipulag er á öllum deildum nema Álfagerði og verður það sett upp í haust. Við erum að innleiða Tákni með tali. Tekið er TRAS af öllum börnum til að meta stöðu þeirra miðað við jafnaldra. Unnið er á öllum deildum með orðaforða og er málörvun stór þáttur í starfinu. Mikið lesið, sungið og ýmis verkefni gerð. Þrjú börn frá okkur og foreldrar þeirra tóku þátt í þróunarverkefni á vegum Reykjavíkurborgar þar sem farið er heim til barnanna og foreldrar aðstoðaðir við að efla málþroska barna sinna. Höfum lítið heyrt um hvernig það gekk.

5.2 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gera fjölmenningu sýnilegri í skólanum	Hafa fjölmenningarkrök á öllum deildum með upplýsingum	Fjalla um lönd barnanna og menningu. Fá foreldra með fræðslu inn í skólann	Deildarstarfsmenn	Haust 2021		T.d. hægt að spyrja forelda um þeirra álit í netkönnun auk þess sem þetta er metið reglulega á deildarfundum	Börn og foreldrar njóta sín betur og börnin eru meðvitaðri um menningu annarra þjóða
Staða barna í íslensku	Fylgjast betur með íslensku barna og málþroska þeirra.	Nota hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla	Deildarstjórar	Haust 2021		Hæfniramminn	Fyrir hægt að grípa inn í og aðstoða þau börn sem þurfa á því að halda
Samskiptaorðabækur	Betri tengsl við heimilin og foreldra fjöltyngdra barna.	Útbúa samskiptabækur fyrir öll fjöltyngd börn sem byrja í leikskólanum. Þær fara milli heimilis og skóla.	Deildarstjórar	Haust 2021	Vor 2022	Viðtöl við foreldra með túlk	Jákvæðari samskipti

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars og einhver í apríl. Notast var við snerpusamtöl og gengu þau mjög vel og er starfsánægja mikil. Mikið er lagt upp úr að gott aðgengi sé að stjórnendum allt árið um kring og getur fólk komið ef því liggur eitthvað á hjarta. Eins er rík áhersla lögð á góð samskipti milli starfsmanna og höfum við fengið nokkra aðila til okkar með fræðslu um þau málefni.

Símenntun fór að mestu fram í formi fyrirlestra og námskeiða sem oftast var haldið hér á skipulagsdögum.

Hautönn 2020

21. september - kom Anna Steinsen frá KVAN með fyrirlestur um samskipti á vinnustað

27. október - var fundur vegna Covid 19

27. nóvember - netfyrirlestur með Ingrid Kuhlman, Hlúum að andlegri vellíðan á óvissutímum

Vorönn 2021

18. janúar - kom Rut félagsráðgjafi hjá íslenskri ættleiðingu með fræðslu – erum með ættleitt barn sem kemur erlendis frá

19. mars - kom Sólveig hjúkrunarfræðingur hjá Vinnuvernd með skyndihjálparnámskeið fyrir alla

19. mars - kom Þóra Sif með fyrirlestur um líkamsbeitingu, samskipti og fleira skemmtilegt

23. apríl - kom Sigurbaldur Frímannsson með fyrirlestur og spjall „Börnin ráða sjálf ferðinni“

10. maí - var Menntastefnumót SFS og við nutum dagsins saman. Horfðum bæði á beint streymi frá Hörpu og svo valdi fólk sér það sem því fannst áhugavert. Kynningar frá leikskólunum voru vinsælastar og fékk fólk margar góðar hugmyndir. Við vorum sammála um að skemmtilegra hefði verið að vera í Hörpunni.

Sérkennslustjóri og sérkennarar voru duglegar að sækja sér ýmis námskeið vegna sérkennslunnar t.d. Pecs, APES og VB mapp.

Leikskólastjóri sótti námskeið og fræðslu í Launalistum, Qlik sense, Viðverustjórnun, Jákvæð samskipti á vinnustöðum, um börn og ofbeldi. og Málþing Menntamálastofnunar, Snemmbær stuðningur í hnotskurn. Morgunverðarfundir Rannung féllu eðlilega niður.



7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Fundur var haldin á Teams að hausti með Breiðagerðisskóla, Sólbúum og tveimur öðrum leikskólum, Jörfa og Garðaborg. Gerð var áætlun fyrir veturinn en vegna Covid-19 var ekkert um heimsóknir hvorki frá þeim né okkur til þeirra nema í vor. Í byrjun júní fóru 10 börn sem fara í Breiðagerðisskóla í heimsókn og gengið var um skólann með skólastjóranum. Einnig náðist að heimsækja Frístundaheimilið Sólbúa í vor.

Skilafundir eru að vori þar sem deildarstjóri og leikskólastjóri hitta skólastjóra, umsjónarkennara, sérkennara og forstöðumann frístundaheimilis og farið er yfir barnahópin. Þær upplýsingar sem fylgja eru niðurstöður úr HLJÓM-2 prófum og útfyllt eyðublað „skil milli leikskóla og leik- og grunnskóla og farið er yfir helstu styrkleika, vinatengsl og þá þætti sem þarf að vinna sérstaklega með. Kennarar Breiðagerðisskóla hafa leitað ráða hjá leikskólakennurum og stuðningsaðilum að hausti til þess að geta stutt betur við nemendur í upphafi grunnskólagöngu. Áhugi er fyrir því að efla enn frekar samstarfið á milli Vinagerðis og Breiðagerðisskóla.

8 Foreldrasamvinna

Þáttökuaðlögun er í Vinagerði þar sem foreldrar eru fyrstu 3 dagana að lágmarki með börnum sínum í aðlögun. Þarna gefst gott tækifæri til að kynnst foreldrum og þá að kynnst starfsfólki og öðrum foreldrum. Nýir foreldrar fá kynningarbækling með helstu upplýsingum um skólastarfið. Í aðlögun í haust urðum við að biðja foreldra að vera með grímur og gæta fyllstu sóttvarna. Aðlögunin gekk vel og foreldrar ánægðir. Eftir þetta máttu foreldrar ekki koma inn í skólann sem var mjög erfitt þar sem þeir náðu ekki að kynnst starfinu og starfsfólkinu eins vel.

Deildarkynningar voru felldar niður en foreldrar fengu kynningu á starfinu í tölvupósti. Þar var farið yfir helstu áherslur á hverri deild fyrir sig og veittar hagnýtar upplýsingar.

Opið hús á degi leikskólans féll niður eins og margt annað þennan veturinn.

Vikulega eru sendir tölvupóstar á alla foreldra frá deildarstjórum með fréttum liðinnar viku, ljósmyndum og skráningum. Við notum forritið Sway og er mikil ánægja með þetta hjá foreldrum og um leið tengir þetta heimili og skóla. Þar sem foreldrar komu ekki inn í skólann var þetta nauðsynlegur þáttur í að halda þeim upplýstum auk þess sem gaman er fyrir starfsfólk að halda utan um starfið og sjá hvað mikið er gert í hverri viku.

Samskipti eru einnig á samfélagsmiðlum eins og Facebook síðu foreldra en engin persónugreinanleg gögn fara þar inn. Erum með Instagramsíðu sem færir foreldrum og öðrum fréttir af starfinu og er passað upp á að ekki sjáist í andlit barnanna. Foreldraviðtöl voru haldin tvisvar á öllum deildum að



hausti og vori. Stutt spjall að hausti sem fór fram á Teams en ítarlegra viðtal að vori og við leyfðum foreldrum að ráða hvort þeir kæmu með grímu eða fengju viðtal á Teams. Flestir völdu að koma í hús. Við notum alltaf tülkaþjónustu þar sem við á.

Í foreldraráði sitja 3 fulltrúar og hafa samskiptin eingöngu verið í gegnum tölvupósta í vetur. Góð samskipti eru við alla fulltrúa og hefur verið mikill stuðningur frá þeim.

Í foreldrafélaginu sitja 6 fulltrúar en enginn aðalfundur var haldin í húsi í ár. Foreldrafélagið kom að jólaskemmtun, útskriftarferð og skipulögðu svo flotta sumarhátíð með okkur sem var haldin í lok maí. Foreldrar gátu komið á sumarhátíðina vegna stærðar leikskólans og var mikil gleði með það þegar allir hittust og nutu dagsins í góðu veðri. Þökkum foreldrafélaginu fyrir frábært starf.

Foreldrum hefur verið boðið í aðventukaffi, feðrum og öfum á bóndadaginn í bóndagraut og mæðrum og ömmum daginn eftir konudaginn. Afar og ömmur hafa einnig fengið sinn dag. Ekkert varð af neinu af þessu þennan veturinn vegna ástandsins.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2021-2022 verða 6 talsins eins og hér segir.

24. september

19. nóvember (sameiginlegur í hverfi)

24. janúar (sameiginlegur í hverfi)

22. febrúar (sameiginlegur í hverfi)

22. apríl

25. apríl

[Leikskóladagatal 2021-2022](#)

10 Fylgigögn

Dagsetning 30.06.2021

F. h. leikskólans Vinagerðis

Harpa Ingvadóttir

Leikskólastjóri



10.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslan var skipulögð í samráði við sérkennslustjóra og fulltrúa frá Greiningarstöð og Þjónustumiðstöð. Skráningu var misjafnlega háttað eftir hverju barni, en stuðst er við atferlisskráningu hjá öllum börnum í einstaklingskennslu. Þá voru einnig sérstakar skráningar tengdar mismunandi aðstæðum hjá hverju barni eftir tímabili, s.s. AHA-skráning, hreinlætisskráning, fataherbergisskráning, matmálistímaskráning og skráning fyrir verkefni á deild svo eitthvað sé nefnt. Börnin voru bæði í sérkennslu í sérkennsluherbergi ásamt því að gera fleira þar, svo sem leika, lesa og slíkt. Á móti því voru þau inn á deild og tóku þátt í flestum þeim verkefnum sem deildirnar voru að gera.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	VB-mapp var notað hjá tveimur börnum. Hljóm2 er tekið á öllum börnum í elsta árgangi. TRAS og AEPS var notað eftir þörfum hverju sinni. Skráningarblöð atferlisíhlutunar, gátlisti fyrir málþroska, málhljóðakönnun og færnimatslisti.
Hvaða námsefni var notað? Vorðu t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Ýmis námsgögn voru notuð, leitast var við að nýta nánasta umhverfi. Einnig voru aðkeypt námsgögn t.d. ýmis spil sem þjálfar félagsfærni, orðaforða, hugtakaskilning, framburð, minni o.fl. Myndastokkar frá super duper, hlutir sem þjálfar skynfærni o.fl. Notast er við Öpp sem heita Georg, Orðagull og Lærum og leikum með hljóðin.



10.2 Fylgiskjal 2 - Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagni var breytt í stöðugildi og sett inn á allar deildir. Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri sinntu einnig málörvun fjöltyngdra barna.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Á Drekkagerði eru verkefni/þema tekin fyrir á deildinni og unnið með orð tengd þemanu hverju sinni. Leikur að læra. Vinna með bókstafi og orð. Börnin læra að skrifa bókstafi og nafnið sitt. Álfagerði: lesa bækur, Vinna með Lubba, Leikur að læra. Vinna með bókstafi og orð. Tröllagerði: vinna markvisst með að leggja orð á athafnir og hluti í umhverfinu og hvetja þau til að nota málið og orðin á viðeigandi hátt í samskiptum. Á öllum deildum er notað Gefðu 10.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Mikið lesið á öllum deildum og talað um innihald bókanna. Orð sett á athafnir. Spjallað við börnin í samverustundum og þau hvött til að tjá sig með orðum. Verkefni unnin upp úr bókum á elstu deild.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Þau börn sem eru með slakan orðaforða – orðaskil Þau börn sem eru með víðtækari vanda – TRAS
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Gefðu 10 notað með öllum börnum. Lestur bóka, spila, frjáls leikur, samleikur, leikur að læra. Kynning á heimalandi barnanna hefur verið bætt við og eigum við eftir að útfæra það frekar á öllum deildum.



10.3 Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2021 – 2022

Leikskólinn Vinagerði



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Kristín Anna Tryggvadóttir
Úlfhildur Guðjónsdóttir
Ásta Kristín Knight Þorsteinsdóttir



Umsögn foreldraráðs:

Umsögn foreldraráðs vorið 2021

Starfið í Vinagerði ber þess merki að þar starfar fólk með mikinn metnað fyrir starfi sínu og áhuga á að börnunum líði vel í leikskólanum. Sést þetta vel á því viðmóti sem foreldrar/forráðamenn og börn mæta þegar þeir koma í leikskólann. Starfsfólki er vel kunnugt börnum utan sinna starfsdeilda og þekkir öll börnin í skólanum. Foreldrakönnunin kom mjög vel út og kemur ánægja foreldra þar skýrt fram. Stjórnendur taka fullan þátt í starfinu og þekkja börnin þess vegna vel.

Starfsmannakönnunin kom einnig vel út á þessu ári og sést að starfsfólki líður vel og er ánægt í Vinagerði.

Mikið hefur verið gert í að bæta aðbúnað fyrir börnin og eins hefur mikið verið keypt af góðu leikfni og öðrum námsgögnum. Úrbætur á húsnæði hafa komið vel út og mikil ánægja með þær.

Leikur að læra gengur vel og er almenn ánægja með það efni og hafa börnin bæði gott og gaman af Leikur að læra stundunum. Þeim hefur farið mikið fram og nýta það sem þau læra utan leikskólans.

Foreldrasamvinna er góð í Vinagerði og mikið lagt upp úr henni og foreldrar velkomnir í skólann. Upplýsingagjöf er góð og skilaboð sýnileg og alltaf auðvelt að nálgast allar upplýsingar. T.d. hvað var í matinn, hvað var gert og hvað börnin vantar að heiman. Dagatal er gefið út fyrir hvern mánuð með því helsta og foreldrar minntir á ferðir með dags fyrirvara. Vikupóstar með fréttum og myndum eru sendir út á öllum deildum á föstudögum og er þeirra beðið með mikilli eftirvæntingu á flestum heimilum. Þetta tengir betur saman skóla og heimili og er mikil ánægja meðal foreldra sem ná að fylgjast mikið betur með starfinu.

Samstarf við Víking og Myndlistaskóla Reykjavíkur hefur gengið vel í vetur og verður áfram. Eins hefur mikil og góð samvinna verið við Breiðagerðisskóla og Frístundaheimilið Sólbúa þó það hafi verið aðeins minna vegna ástandsins.

Góð tenging hefur myndast hjá börnum og foreldrum við skátafélagið Garðbúa eftir að elsta deildin fékk afdrep þar í breytingum á húsnæði Vinagerðis.

Foreldrafélagið hefur staðið sig vel í vetur og var fulltrúum fjölgað milli ára. Samkomur hafa þó verið með öðru sniði en venjulega vegna ástandsins.

Við sem sitjum í foreldraráði teljum starfið í Vinagerði vera til fyrirmyndar og er starfsáætlun 2021-2022 í samræmi við það.

Starfsfólk Vinagerðis á hrós skilið fyrir frækna frammistöðu í ástandinu tengt kórónaveirunni.

Síðasta ár hefur einkennst af ró og hlýleika hjá börnum og starfsfólki. Þeir tímar sem á undan hafa gengið virðast hafa þétt hópinn og samstaðan í starfsmannahópnum borist til foreldra barnanna.

Starfsmannahópurinn virðist vera heill og mikil samstaða, foreldrar hafa tekið eftir að Vinagerði er vinsæll vinnustaður og sýnir það sig þegar sumarstarfsfólk kemur aftur og aftur. Traust til Vinagerðis er mjög mikið og viðbrögð starfsmanna við fjölbreyttum verkefnum ávallt til fyrirmyndar.

Foreldraráð óskar starfsfólki til hamingju með enn eitt fyrirmyndar skólaárið og óskar ykkur gleðilegs sumars.

F.h. foreldraráðs

Kristín Anna Tryggvadóttir

Úlfhildur Guðjónsdóttir

Ásta Kristín Knight Þorsteinsdóttir

F. h. leikskólans Vinagerði
Reykjavík 30.06.2020

Harpa Ingvadóttir

Leikskólastjóri





Leikskóladagatal 2021 - 2022

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 S	1 M Almæli Vinagerðis Aðlögun barna	1 F	1 M	1 M Fullveldisdagurinn	1 L Nýársdagur	1 Þ	1 Þ Sprengidagur	1 F	1 S Verkalýðsdagurinn	1 M
2 M	2 F Frídagur verslunarmanna	2 L	2 Þ	2 F Rauður dagur Aðventukaffi	2 S	2 M	2 M Óskudagur Furðufataball	2 L	2 M	2 F
3 Þ	3 F Aðlögun barna	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F
4 M	4 L	4 M Kynning Tröllagerði	4 F	4 L	4 Þ	4 F Opð húsi í Vinagerði	4 F	4 M	4 M	4 L
5 F	5 S Leikskólinn opnar	5 Þ	5 F Kynning Álfagerði	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S Hvítasunnudagur
6 F	6 M	6 M Kynning Drekargerði	6 L	6 M	6 F Prettándaglegði Pálinubóð	6 S Dagur leikskólans	6 S	6 M	6 F	6 M Annar í Hvítasunnu
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M	7 M	7 F	7 L	7 Þ
8 S	8 M Dagur læsis	8 F	8 M Baráttudagur gegn einelti	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S Mæðradagurinn	8 M
9 M	9 F Aðlögun milli deilda	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L Barnamenningarhátíð Barnamenningarhátíð Pálmasunnudagur	9 M	9 F
10 Þ	10 F Aðlögun milli deilda	10 S	10 M Ómmu og afa kaffi	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S	10 Þ	10 F
11 M	11 L Aðlögun milli deilda	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F Dagur íslenska táknmálsins	11 F	11 M	11 M	11 L
12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M Spiladagur Vinagerðis	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S Sjómanna dagurinn
13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M Gulur dagur	13 F	13 M Þjóðhátíðarvika
14 L	14 Þ	14 F	14 S Feðradagurinn	14 Þ	14 F	14 M	14 M Dagur stærðfræðinnar	14 F Skírdagur	14 L	14 Þ
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 Þ	15 Þ Foreldravíðtöl Dreka	15 F Föstudagurinn langi	15 S	15 M
16 M	16 F Dagur ísl. náttúru Grænni dagur Haustlaukar	16 L	16 Þ Dagur íslenskrar tungu	16 F Jólaball	16 S	16 M	16 M Foreldravíðtöl Dreka	16 L	16 M	16 F Skrúðganga
17 Þ	17 F Aðlögun barna	17 S	17 M	17 F	17 M	17 F Vetrarleyfi grunnskóla	17 F	17 S Páskadagur	17 Þ	17 F Lýðveldisdagurinn
18 M	18 L Aðlögun barna	18 M Foreldravíðtöl Dreka	18 F	18 L	18 Þ	18 F Vetrarleyfi grunnskóla	18 F	18 M Annar í páskum	18 M	18 L
19 F	19 S Aðlögun barna	19 Þ Foreldravíðtöl Dreka	19 F Skipulagsdagur S	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F Útskriftarferð	19 S
20 F	20 M Aðlögun barna	20 M Foreldravíðtöl Álfra	20 L Dagur mannréttinda barna	20 M	20 F	20 S Konudagur	20 S	20 M	20 F	20 M Tjaldavika Útleikjavika
21 L	21 Þ	21 F Foreldravíðtöl Álfra	21 S	21 Þ Vetrarsólstöður Vasalýðsdagur	21 F Bóndadagur Bóndakaffi/grautur	21 M Konukaffi/grautur	21 M Foreldravíðtöl Álfra	21 F Sumardagurinn fyrsti	21 L	21 Þ
22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 L	22 Þ Skipulagsdagur S	22 Þ Foreldravíðtöl Álfra	22 F	22 S	22 M
23 M	23 F Skólasetning grunnskóla	23 L Fyrsti vetrardagur	23 Þ	23 F Þorláksmessa	23 S	23 M	23 M Foreldravíðtöl Trölla	23 L	23 M	23 F
24 Þ	24 F Skipulagsdagur	24 S	24 M	24 F Aðfangadagur jóla	24 M Skipulagsdagur S	24 F	24 F Foreldravíðtöl Trölla	24 S	24 Þ	24 F
25 M	25 L	25 M Vetrarleyfi grunnskóla	25 F	25 L Jóladagur	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 M Útskrift	25 L
26 F	26 S Evrópski tungumáladagurinn	26 Þ Vetrarleyfi grunnskóla	26 F	26 S Annar í jólum	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F Uppstigningardagur	26 S
27 F	27 M	27 M Foreldravíðtöl Trölla	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F Skipulagsdagur	27 M Vatnsvíka
28 L	28 Þ	28 F Foreldravíðtöl Trölla	28 S	28 Þ	28 F	28 M Bolludagur	28 M	28 F	28 L	28 Þ
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L			29 F	29 S	29 M
30 M	30 F Aðlögun barna	30 L	30 Þ	30 F	30 S			30 L	30 M Skipulagsdagur	30 F
31 Þ	31 L Aðlögun barna	31 S		31 F Gamliársdagur	31 M Tannverndarvika				31 Þ	

Í reglum um leikskólabjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagur nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í s umarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.